



Atvinnuvegaráðuneytið

Skúlagata 4

101 Reykjavík

Sent á samráðsgátt

Reykjavík, 20. febrúar 2026

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga nr. 3/2006

Samtök atvinnulífsins (SA, samtökin) hafa tekið til umsagnar ofangreint mál. Um er að ræða þrjár breytingar á lögum um ársreikninga. Í fyrsta lagi á að skilgreina stærðarmörk fyrirtækja eftir reglum ESB, en stærðarmörkin eru nú skilgreind eftir reglum EES. Við breytingarnar hækka veltu- og eignamörk fyrirtækja. Í öðru lagi á að breyta skilafrestum ársreikninga. Stærri fyrirtæki skila ársreikningum fyrr, en minni félög fá lengri frest. Í þriðja lagi er innleidd tilskipun ESB um upplýsingagjöf stórra fyrirtækja.

Samtökin telja það framfaraskref að taka upp stærðaflokkun Evrópusambandsins, lengi hafa smærri fyrirtæki sætt auknum íþyngjandi kvöðum samanborið við evrópsk fyrirtæki. Samtökin hafa lengi bent á þá staðreynd að gullhúðun EES-reglna við innleiðingu í íslenskan rétt skerðir samkeppnishæfni atvinnulífsins. Það er því fagnaðarefni að sjá stjórnvöld sýna frumkvæði vegna afhúðunar EES-reglna. Mikilvægt er að gæta samræmis í stærðarflokkunum og gæta þess að önnur lagasetning sé samræmd flokkun Evrópusambandsins. Ótækt er að fyrirtæki eigi á hættu að skilgreinast í ólíka stærðarflokka eftir því hvaða lagabálkur eða eftirlitsstofnun á í hlut enda eykur slíkt flækjustig og eftirlitsbyrði hvoru tveggja fyrirtækjanna en einnig stjórnkerfisins í heild sinni. Samtökin styðja að smáum fyrirtækjum sé veitur rýmri frestur til skila á ársreikningum. Til að meta megji með fullnægjandi hætti hvort skilafresturinn sé stærri fyrirtækjum íþyngjandi þurfa að liggja fyrir gögn um það hvenær fyrirtæki hafa almennt verið að skila inn ársreikningum. Slík gögn ættu að vera aðgengileg gegnum ársreikningaskrá Skattsins.

Í frumvarpsdrögunum er kveðið á að kerfislega mikilvæg fyrirtæki skili einnig ársreikningum sínum fyrr. Mikilvægt er að kýrskýrt sé hvað telst „kerfislega mikilvægt“ fyrirtæki eða félag líkt og segir í frumvarpsdrögunum. Almennt telja samtökin að ekki fari vel á því þegar farið er eftir huglægum mælikvörðum og leggjast gegn því að meta þurfi hverju sinni hvaða félög eru „kerfislega mikilvæg“.

Í frumvarpsdrögunum er ekki gert ráð fyrir reglulegri endurskoðun viðmiðunarfjárhæða. Þó til sé heimild ráðherra „ef verulegar breytingar verða á gengi evru“. Þar sem viðmiðunarfjárhæðir eru í evrum og gengi krónu gagnvart evru getur hreyfst skarplega leggja samtökin til að fjárhæðir og viðmiðunarmörk verði endurskoðuð minnst á tveggja ára fresti og slíkt verði fest í lög. Þá er einnig mikilvægt að stjórnvöld verði á varðbergi gagnvart endurskoðun á stærðarmörkum á vettvangi ESB, en verðbólguástand undanfarinna ára er t.a.m. frumástæða þess að þessi stærðarmörk eru endurskoðuð á þessum tímapunkti hjá ESB.



Samtökin leggja áherslu á að við innleiðingu tilskipunarinnar verði gætt meðalhófs, þannig að upplýsingaskylda verði skýr, framkvæmd einföld og að ekki skapist samkeppnishalli eða óþarfa ímyndaráhætta fyrir íslensk fyrirtæki umfram það sem leiðir af sameiginlegum EES-reglum. Gott væri ef metið yrði hversu mörg fyrirtæki munu falla undir skilgreiningu stórra fjölpjódlegra fyrirtækja um upplýsingagjöf samkvæmt b-lið 3. gr. frumvarpsins, sambærileg þeirri greiningu á fyrirtækjum sem falla undir skilgreiningu 1. gr. frumvarpsins og fjallað er um í áhrifamatskafla greinargerðarinnar.

Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Arnar Birkir Dansson

Hagfræðingur